

1871.  
14. júlí. að Benidikt Jónasson sè sveitlægur í tødum hreppi, og lagt það til, að úrskurður amtsins standi óraskaður.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þer auglýsið það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu þessa.

19. júlí. **70. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsstjórnarinnar, um styrk til að læra ostatilbúning.**

Dómsmálastjórnin mælist til, að fjárhagsstjórnin láti borga sem útgjald fyrir jarðabókarsjóð Íslands úr aðalféhirzlunni hér í borginni til assistents í hinni íslenzku stjórnardeild, cand. juris Julius Havsteens, 40 rd., sem eru veittir Kristjönu Guðnýju Sigurðardóttur frá Íslandi, til þess að taka kennslu í ostatilbúningi, á meðan hún dvelst hér um stundar sakir.

24. júlí. **71. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um gjald fyrir leiðarbréf handa spánversku skipi.**

Í desembrm. f. á. var í Reykjavík tekið íslenzkt leiðarbréf handa spanska gufuskipinu *Norte*, sem skipstjórnarmaður *Zavola* frá *Bilbao* ræður fyrir, og sýndi erindsreki skipsins, er hann beiddist leiðarbréfsins, spanskt mælingarbréf, sem var gefið út í *Bilbao*, en samkvæmt því var skipið að rúmmáli 283 spanskar

Með því nú ofanefndur Benidikt Jónasson hefir bæði beinlinis og óbeinlinis þegið verulegan sveitarstyrk á meðan hann dvaldi í Öngulstaðahrepp, getur hann ekki með 10 ára veru sinni þar áunnið sèr framfærslurétt, og úrskurðast hann því, samkvæmt reglugjörð 8. janúar 1834, 6. gr., með hyski sinu sveitlægur í Hálshrepp í Þingeyjarsýslu.